

# Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1110

Dagsetning: 28. apríl 2026 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

**Fundinn sátu:** Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM) og Brjann Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

## Efni fundarins

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 21. apríl 2026 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

### 2. Fundir vikunnar

Umræður um fundi vikunnar hjá framkvæmdastjórn.

### 3. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

### 4. Kjarasamningar lækna

Rætt var um útfærslu á kjarasamningi lækna tengt greiðslum fyrir afköst. Fundað verður áfram með fulltrúum Læknafélags Íslands um málið.

### 5. Heyrnar- og talmeinstöð Íslands

Yfirfærsla Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands til HH er nú á lokametrunum. Stofnunin verður færð formlega til HH þann 1. maí og verður þar eftir Heyrnar og talmeinstöð HH. Upplýst var um stöðuna á verkefninu.

### 6. Húsnæðismál

Rætt var um ýmis húsnæðismál HH. Fjallað var um yfirstandandi breytingar á skipulagi skrifstofu HH. Einnig var rætt um óskir HH um nýjar höfuðstöðvar og húsnæði Heilsugæslunnar Miðbæ.

### 7. Verkefni framkvæmdastjórnar

Rætt var um verkefni framkvæmdastjórnar sem þarf að koma í farveg eða ljúka fyrir sumarið.

### **Aðgerðir og verkefni**

- Funda þarf með Læknafélagi Íslands og ljúka vinnu við útfærslu á afkastatengdum greiðslum fyrir lækna, sjá lið 4.  
Ábyrgð: SDM, NSK
- Ljúka þarf yfirfærslu á HTÍ til HH, sjá lið 5.  
Ábyrgð: SDM, HP, KBM
- Fylgja þarf eftir óskum HH um húsnæði fyrir höfuðstöðvar og viðbótarhúsnæði fyrir Heilsugæsluna Miðbæ, sjá lið 6.  
Ábyrgð: SDM, HP, KBM

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:00.